



Hafnarfjarðarbær
Strandgata 8-10
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 24. apríl 2026
Tilv. M-2026-04-1811

Efni: Umsagnarbeiðni – Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 21. apríl 2026 umsókn frá lyfjafræðingi um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Norðurhelli 1, 221 Hafnarfirði.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um umsóknina. Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 22. maí nk.

F.h. Lyfjastofnunar,

Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.